



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Hr. Friðjón Einarsson formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 13.08.2019

Mál ~~2017110084~~ 2019050477


Varðar: Rammaskipulag Ásbrú

Unnið hefur verið að rammaskipulagi fyrir Ásbrú síðan í ársbyrjun 2018. Forsögn að rammaskipulagi var skilað í janúar 2019 og nú er unnið að rammaskipulaginu sjálfu. Fundir með kjörnum fulltrúum til kynningar og upplýsingar á verkefninu hafa verið haldnir. Stýrihópur myndaður og rætt hefur verið við helstu hagaðila á svæðinu. Í haust verður samráði haldið áfram við hagaðila, íbúa og eigendur einstakra eigna á svæðinu, en hluti þeirrar vinnu er sýning á efnisatriðum forsagnar rammaskipulags í Bókasafni Reykjanesbæjar á Ljósanótt.

Ekki var gert ráð þessari vinnu við gerð síðustu fjárhagsáætlunar.

Umhverfis- og skipulagssvið óskar eftir viðauka á lykil 09 Umhverfis- og skipulagsmál allt að kr. **10.000.000** og yrði fjármagnið tekið af óráðstöfuðu.

Virðingarfyllst


Guðlaugur H. Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Dreifing :
Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar

Viðauki: Minnisblað um kostnaðarskiptingu.



Reykjanesbær 25. júlí

2019

Mál 2017110084

*Minnisblað**Vinna við rammaskipulag Ásbrú; staða og kostnaður*

Fyrir liggur kostnaðaráætlun og á fundi hjá Skipulagsstofnun var staðfest að þar sem vinnan er skilgreind sem rammahluti Aðalskipulags þá er heimild til endurgreiðslu á allt að 50% útlagðs kostnaðar sveitarfélags vegna skipulagsvinnunnar og á það einnig við kostnað sveitarfélagsins vegna vinnu við forsögn að Rammaskipulagi og hefur þegar verið greitt. Sýna þarf fram á í bréfi til Skipulagsstofnunar hvernig útlagður kostnaður er órjúfanlegur hluti vinnu við skipulagsgerð, en stofnunin leggur mat á það.

Kadeco greiddi hluta kostnaðar við gerð forsagnar að rammaskipulagi, en ekki er hægt að krefjast endurgreiðslu til Kadeco vegna þess að reglan á einungis við sveitarfélög. Kadeco, sem fulltrúi landeigenda, er mikilvægur þátttakandi í þróun svæðisins. Vinna við aðalskipulag og rammaskipulag er eðlilega kostuð af sveitafélaginu. En mjög mörg önnur verkefni, svo sem gerð deiliskipulags, hönnun gatna, framkvæmdir á einstökum svæðum eru eðlilega í verkefnahring Kadeco.

Fyrir liggur endanleg kostnaðaráætlun vegna vinnu sem eftir er við gerð rammaskipulags upp á tæpar 28.000.000 kr

Útlagður kostnaður vegna Forsagnar að Rammaskipulagi og þegar hefur verið greitt er um 8.000.000 kr. Helmingur þess kostnaðar fæst endurgreiddur.



Samsetning kostnaðar við skipulagsvinnuna sem er eftir og ganga þarf frá ráðgjafasamningi um:


Alta	15.400.000
Viaplan	950.000
Cowi	3.241.200
Isor	600.000
Ferðakostnaður erl. ráðgj.	600.000
Sýning bókasafni	1.700.000
samtals	22.491.200
Vsk 24%	5.397.888
Alls samtals	27.889.088

Endurgreiðsla úr skipulagssjóði 50%

Áætlun um endurgreiðslur úr skipulagssjóði er þá:

Forsögn að Rammaskipulagi	4.000.000 kr
Rammaskipulag	14.000.000kr
Fjárpörf að frádregnum endurgreiðslum	10.000.000kr

Virðingarfyllst,



Gunnar Kr Ottósson arkitekt
Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæ